


7. KYNJAJAFNRÉTTI

Kennarar verða að gera sér grein fyrir eigin staðalmyndum af kynjunum og velta fyrir sér hvort kennsluaðferðir þeirra, tungutak og samskipti við drengi og stúlkur endurspegli það kynjajafnrétti sem þeir leitast við að boða.



Hvað er kynjajafnrétti?

Kynjajafnrétti er mikilvægt mannréttindamál og felur í sér að konur og karlar hafi jafnt vald og taki jafnan þátt á öllum sviðum í opinberu lífi og einkalífi. Það merkir samt ekki að kynin séu eins, heldur að þau njóti sömu réttinda og virðingar. Rétt eins og með öll mannréttindi þarf stöðugt að berjast fyrir kynjajafnrétti og standa vörð um það.

Í meira en hundrað og fimmtíu ár hafa baráttusamtök kvenna beitt sér fyrir því að hinna skipulegu mismunun sem flestar konur upplifa verði útrýmt og að konur og karlar taki jafnan þátt í samfélaginu. Í Evrópu er því líf flestra kvenna og karla töluvert öðruvísi nú á dögum en fyrir einni öld síðan. Helstu baráttumál til að bæta hag kvenna eru:

- jafnt aðgengi að námi
- aukin þátttaka kvenna í atvinnulífi
- bætt efnahagsleg staða kvenna
- umönnun barna og heimilisstörf dreifist á fleiri hendur
- fjölskyldumynstur
- unglíngamenning
- ný upplýsinga- og samskiptatækni

Enda þótt miklar framfarir hafi átt sér stað hvað varðar kynjajafnrétti og viðhorf þar að lútandi í Evrópu er enn ýmislegt sem kemur í veg fyrir að kynin njóti jafnréttis í daglegu lífi.

Hvað er kyngervi?

Orðin kyn (sex) og kyngervi (gender) hafa ekki sömu merkingu. Kyn er líffræðilega ákvarðað. Nánast allar manneskjur eru fæddar með líffæri kvenna eða karla: sem stelpa eða strákur. Kyngervi vísar aftur á móti til félagslegra eiginleika.

Eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin greinir frá:



Kyn vísar til líffræðilegra og lífeðlisfræðilegra einkenna karla og kvenna.

Kyngervi vísar til félagsmótaðra hlutverka, hegðunar, atferlis og eiginleika sem í tilteknu samfélagi eru taldir viðeigandi fyrir karla og konur.

Með öðrum orðum:

„Karlkyn“ og „kvenkyn“ er hin líffræðileg aðgreining kynjanna en „karlmennska“ og „kvenleiki“ vísa til kyngervis.¹

Nokkur dæmi um líffræðilega eiginleika:

- Stelpur fara á blæðingar, en ekki strákar
- Strákar eru með eistu, en ekki stelpur
- Konur geta haft barn á brjósti, en ekki karlar
- Eftir kynþroskaaldurinn verða strákar vöðvastæltari en stelpur

Nokkur dæmi um félagslega eiginleika:

- Í Evrópu fá konur töluvert lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu
- Viða um lönd stunda stelpur frekar dans en strákar, þeir spila fótbolta
- Um allan heim sjá konur frekar um heimilishaldið en karlar
- Strákar eru oftar beittir líkamsrefsingum en stelpur

Kynhlutverk, sem er mikilvægur hluti sjálfsmýndar og séreinkenna, verður að miklu leyti til við félagsmótun. Nú á dögum er það ekki aðeins fjölskyldan, skólinn og vinnustaðurinn sem hafa áhrif á slíka félagsmótun, heldur einnig fjölmiðlar, upplýsingatæknin, tónlist og bíómyndir. Bæði hin hefðbundnu og nýju félagsmótunaröfl stuðla að því að viðhalda staðalmyndum kynjanna og miðla þeim áfram.

Mikið skortir á að kynjajafnrétti sé orðið að veruleika í Evrópu

Hinar hefðbundnu staðalmyndir kynjanna eiga sér djúpar rætur í evrópskri menningu og það sýnir sig stöðugt í daglegu lífi. Þess vegna fá karlar og konur enn ekki sömu tækifæri. Britta Lejon, fyrrverandi ráðherra lýðræðis og æskulýðsmála í Svíþjóð, hefur í fyrirlestri greint frá því í hverju þetta misrétti kemur fram meðal ungs fólks í Evrópu:

- Ungir karlar hafa um 20% hærri laun en ungar konur;
- Þegar ungt fólk er í sambúð taka konurnar helmingi meiri þátt í heimilisstörfunum en karlarnir;
- Mjög fáir ungir feður taka fæðingarorlof í þeim löndum sem bjóða upp á slíkt.²

Karlar taka stöðugt þátt í mun fleiri lykilákvörðunum en konur. Þrátt fyrir þó nokkrar sértækar aðgerðir er þátttaka kvenna í stjórnámálum enn mjög lítil: í Evrópu er aðeins 21% þingmanna konur, allt frá 4,4% í Tyrklandi til 45% í Svíþjóð.³ Þar sem karlar gegna lykilhlutverkum í stjórnámálum, í fjármálaheiminum og í fjölmiðlum geta þeir stýrt hinni pólitísku og opinberu umræðu. Almennt séð er áfram litið á karla sem hið mannlega viðmið og mælikvarða á frammistöðu.

Staðalmyndir kynjanna

Margar þjóðfélagsstofnanir ýta undir hefðbundnar staðalmyndir kynjanna. Í fjölmiðlum koma konur til dæmis aðallega fram sem þátttakendur í atburðarás, sem þolendur eða umönnunaraðilar, en yfirleitt er sú mynd dregin upp af körlum að þeir séu skapandi, sterkir, klárir og framtakssamir. Fjölmiðlarnir leggja áherslu á vald karla og afrek, en yfirleitt eru konur, jafnvel afar hæfar og vel menntaðar konur, fyrst metnar eftir útliti sínu. Á þennan hátt er staðalmyndum kvenna og karla viðhaldið og miðlað áfram í fjölmiðlum, þ.e. sjónvarpi, útvarpi, kennslubókum, barnabókum, tímaritum, bíómyndum og ýmiss konar samskiptamiðlum á netinu.



Á sama hátt og fjölmiðlarnir eiga fjölskyldan, skólinn og frístundaheimili einnig þátt í því að ýta undir kynbundnar staðalmyndir. Nýleg rannsókn sýnir að kennarar eru jákvæðari gagnvart strákum ef þeir eru kraftmiklir, atorkusamir, sjálfstæðir, forvitnir og með keppnisskap, en stelpum er oftar hrósað fyrir að vera hlýðnar, góðar, þægilegar, hlutlausar og jákvæðar gagnvart samfélaginu.⁴ Þar sem slíkar staðalmyndir mótast yfirleitt á skólaaldri er staðið í vegi fyrir því að stelpur sýni almennt sjálfstæði í verki, taki þátt í samkeppni og gefi sig að verkefnum á opinberum vettvangi.⁵ Stelpur sem uppfylla ekki viðtektnar staðalmyndir geta orðið fyrir gagnrýni, útskúfun og jafnvel ofbeldi.

Hinar hefðbundnu staðalmyndir kynjanna geta ekki síður komið illa við stráka en stelpur. Staðlaðar væntingar um karlmennsku, styrkleika og keppnisskap stangast oft á við daglegt líf drengja, svo sem þeirra sem alast upp við óhefðbundið fjölskyldumynstur, atvinnuleysi meðal karla og aukna þátttöku kvenna á opinberum vettvangi. Slík togstreita getur haft áhrif á mótun sjálfsmyndar meðal drengja. Strákar sem falla ekki inn í hina hefðbundnu staðalmynd af körlum geta orðið fyrir einelti og mismunun og átt á hættu að vera skildir út undan.

SPURNINGAR: *Að hve miklu leyti lagar samfélag okkar sig að hefðbundnum staðalmyndum kynjanna? Hvernig áhrif hafa þessar staðalmyndir á líf barna? Líf þitt?*

Kynbundið ofbeldi

Kynbundið ofbeldi er hugtak sem nota má til að lýsa hvers kyns ofbeldi, svo sem líkamlegu, kynferðislegu, andlegu, efnahagslegu eða félags- og menningarlegu, sem hefur neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu, þroska og sjálfsmynd einstaklingsins, og það er afleiðing kynbundins misréttis, þar sem fólk nýtir sér muninn á körlum og konum, meðal karla og meðal kvenna. Kynbundið ofbeldi getur bæði beinst gegn körlum og konum, en það kemur mest niður á konum og stúlkubörnum og því er kynbundið ofbeldi oft einfaldað og aðeins talað um „ofbeldi gegn konum“.

Kynbundið ofbeldi á sér stað í hverju einasta landi og þurrkar út öll landamæri milli menningarheima, þjóðfélagsstétta, þjóðernis og uppruna. Tölfræðilegar niðurstöður sýna til dæmis að 12% til 15% stúlkubarna og kvenna verða fyrir heimilisofbeldi dag hvern.⁶ Einelti og kynferðisleg áreitni gagnvart konum á sér einnig stað hvar og hvenær sem er, þar á meðal innan menntastofnana og á vinnustöðum.

Kynbundið ofbeldi beinist þó vissulega einnig gegn körlum. Karlmenn sem sýna ekki af sér hefðbundna „karlmennsku“ verða til dæmis fyrir áreitni og ofbeldi. Hommar og lesbíur verða einnig oft fyrir líkamlegu og munnlegu ofbeldi, einkum í skólum þar sem börn og unglingar eru að átta sig á kynhneigð sinni.

Kynbundið ofbeldi er alvarleg fyrirstaða þess að jafnrétti ríki milli kvenna og karla og er brot á mannréttindum. Kynbundnu ofbeldi er yfirleitt beitt af einstaklingi sem er nákominn fórnarlambinu. Ríkisstofnanir gegna hér lykilhlutverki og þeim ber að bregðast við gagnvart brotaþolum og sjá til þess að komið verði í veg fyrir að kynbundnu ofbeldi sé beitt. Einn af þeim mannréttindasamningum sem hvað ötullekast vinnur að þessu markmiði er Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sem 185 lönd eiga sem stendur aðild að.

Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum er „samningurinn grundvöllur þess að jafnrétti karla og kvenna verði komið á með því að tryggja jafnt aðgengi kvenna og jöfn tækifæri á pólitískum vettvangi sem og í opinberu lífi – þar með talið réttinum til að kjósa og bjóða sig fram til kosninga – sem og til að mennta sig, fá vinnu og njóta heilbrigðis. Aðildarríkin eru sammála um að gera skuli allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið setja lög og efna til tímabundinna séraðgerða, til að konur geti notið allra mannréttinda sinna og grundvallarfrelsis.“⁷



Hvað er kynjafræði?

Kennsla í kynjafræði, einkum ef fjallað er bæði um stúlkur og drengi, getur verið jákvæður liður í því að að koma á jafnrétti í nútímasamfélagi. Leitast er við að breyta þeim hlutverkum sem stelpur og strákar og konur og karlar gegna í einkalífi jafnt sem opinberu lífi. Kynjafræðin gengur út á að draga úr vægi staðlaðra kynhlutverka og hjálpa börnum að skapa raunverulegt jafnrétti í samfélaginu þar sem karlar og konur lifa og starfa saman og sýna hvert öðru gagnkvæma virðingu.

Fyrsta atriðið er að skapa skilning á stöðu kynjanna. Í því felst að viðurkenna neikvæð áhrif staðlaðra kynhlutverka og fjalla um misréttið sem þau leiða af sér.⁸ Meðal stúlkna skilar kynjafræðin þeim árangri að þær fá meira sjálfsöryggi og sjálfstraust; verða sjálfstæðari og virkari á opinberum vettvangi. Meðal stráka er niðurstaðan sú að þeir sigrast á óttanum við að standa sig ekki, læra að hemja hvatvísina, verða félagslyndari og ábyrgari og einkalífið verður þeim mikilvægara.

Mikilvægur liður í kynjafræðinni er að læra að greina á milli staðreynda og skoðana og viðhorfa. Með því að skilgreina eigin athafnir eða frásagnir geta börn verið fljót að líta á það sem eðlilegan hlut að stelpur geti verið strákalegar og strákar næmir og viðkvæmir. Öll börn þurfa að viðurkenna að þau séu flóknir og sérstakir einstaklingar sem búa yfir alls kyns eiginleikum. Staðalmyndir og miklar væntingar til kynjanna geta staðið í vegi fyrir þroska einstaklingsins og því að stelpur jafnt sem strákar fái notið sín til fulls.

Kynjafræði er sívírt ferli sem ekki er hægt að afmarka í einhverju tilteknu námssamhengi. Kennarar verða að forðast verkefni sem tengjast kynbundnum staðalmyndum allt frá upphafi og tryggja að strákar og stelpur hafi jafn mikla möguleika á að taka þátt og vera virk í hvaða verkefni sem er. Hvetja skal stelpur til að keppa bæði í íþróttum og öðrum greinum og strákar ættu að taka þátt í umönnun- arstörfum. Hvetja á bæði kynin til að taka þátt í alls kyns starfsemi, t.d. kórsöng, leikhústarfi, dansi, smíðavinnu, matreiðslu, gönguferðum og skák. Hrósa ætti stelpum fyrir árangur sinn og strákum fyrir að vera hugulsamir og sýna samstöðu.

Annað mikilvægt markmið innan kynjafræðinnar er að gera börnum ljóst félagslegt gildi hefðbundinna kvennastarfa, svo sem móðurhlutverksins, og eiginleika á borð við hugulsemi, umhyggju, samvinnu og umburðarlyndi. Sú vitneskja getur orðið til þess að karlar og konur verði raunverulega samstíga, sem er meginmarkmið kynjafræðinnar. Með því móti átta börnin sig á því að framlag karla og kvenna til fjölskyldunnar og samfélagsins er jafn mikilvægt og að réttindi og ábyrgð karla og kvenna eru hin sömu.

Ef kynjafræðsla á að skila árangri verða kennarar að gera sér grein fyrir eigin staðalmyndum af kynjunum og velta fyrir sér hvort kennsluáferðir þeirra, tungutak og samskipti við drengi og stúlkur endurspeglir það kynjajafnrétti sem þeir leitast við að boða.

Mikilvægir mannréttindasamningar

Evrópuráðið

Evrópuráðið viðurkennir jafnrétti kvenna og karla sem grundvallarmannréttindi. Í 14. grein **Mannréttindasáttmála Evrópu** segir að „réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála eða annarra skoðana ...“. Þessi grein skapar grundvöll hinnar víðtæku starfsemi samtakanna. Það er **stýriningnd um jafnrétti karla og kvenna** (CDEG), sem fer með þennan málaflokk og stendur fyrir greiningum, rannsóknum og mati, skilgreinir stefnumál og pólitískar aðgerðir og tekur ákvarðanir um löggæringu, ef nauðsyn krefur.⁹

Með vitundarvakningu og baráttu, svo sem herferðinni „Stöðvum heimilisofbeldi gagnvart konum“¹⁰ vinnur Evrópuráðið markvisst gegn kynbundnu ofbeldi. Og með áætluninni um „Evrópu fyrir og með



börnum“ er markmiðið að útrýma hvers kyns kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum: sifjaspellum, klámi, vændi, mansali og kynferðislegri áreitni meðal jafnaldra.¹¹

Sameinuðu þjóðirnar

Fyrsti lagalega bindandi alþjóðasáttmálinn sem bannaði mismunun gagnvart konum og knúði á um að stjórnvöld stuðluðu að jafnrétti kvenna og karla er **Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum**.¹² Síðan hann gekk í gildi árið 1981 hefur hann á allan hátt stuðlað að því að konur fái notið grundvallarréttinda á sviði stjórn mála, heilbrigðisþjónustu og menntunar, sem og í lagalegu tilliti og hvað varðar eignarrétt, hjónaband og fjölskyldumál. Þeim löndum sem hafa fullgilt hann eða gerst aðilar að honum er lagalega skylt að framfylgja ákvæðum hans. Þau þurfa einnig að senda frá sér skýrslu á a.m.k. fjögurra ára fresti þar sem greint er frá því hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppfylla ákvæði sammingsins. Frá og með árinu 2000 hafa konur eða kvennahópar getað sent kvartanir vegna mannréttindabrota til nefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sem sett getur mál í rannsókn ef um alvarleg eða kerfisbundin brot er að ræða.

SPURNINGAR: *Á Ísland aðild að þessum samningi? Ef svo er, hvenær sendi það síðast frá sér skýrslu? Sendu einhverjir hópar svokallaða skuggaskýrslu þar sem fram koma önnur sjónarmið en þau sem stjórnvöld styðja? Reyndu að komast að því.*

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram svokölluð þúsaldarmarkmið,¹³ en eitt þeirra var að búið yrði „að útrýma kynjamisrétti í grunn- og framhaldsskólanámi árið 2005 og á öllum skólastigum árið 2015“. Þessi áætlun hefur mikla þýðingu í Evrópu þar sem enn skortir á að allir hafi jafnt aðgengi að menntun og að stúlkur taki fullan þátt í ákvarðanatökum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í 2. grein Barnasáttmálans segir að þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum skuli vera tryggð, án mismununar af nokkru tagi, þar með talið kynjamismununar. Með 18. greininni er miðað að því að hlutverk foreldra innan fjölskyldunnar og við umönnun barna sé í góðu jafnvægi og þar segir að „foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn ... Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga“.

.....

Gagnlegar heimildir

- Åkerlund, Pia, *Girls' Power: A compilation from the conference on gender equality*: Swedish National Board for Youth Affairs, Stokkhólm, 2000.
- *The Council of Europe Campaign to Combat Violence against Women, Including Domestic Violence*, Fact sheet: Evrópuráðið, 2006.
www.coe.int/t/dg2/equality/domesticviolencecampaign/source/PDF_FS_Violence_Campaign_rev_E.pdf
- *Domestic Violence against Women and Girls*: UNICEF, Innocenti Centre, Flórens, 2000: www.unicef-icdc.org/publications/pdf/digest6e.pdf
- *Gender Matters – A manual on addressing gender-based violence with young people*: Evrópuráðið, 2007.
- *Making Rights Reality, Gender awareness workshops*: Amnesty International, 2004: [http://web.amnesty.org/library/pdf/ACT770352004ENGLISH/\\$File/ACT7703504.pdf](http://web.amnesty.org/library/pdf/ACT770352004ENGLISH/$File/ACT7703504.pdf)



- *Promoting Gender Mainstreaming in Schools*, Final Report of the Group of Specialist. EG-S-GS (2004) RAP FIN, Evrópuráðið, 2004:
[www.coe.int/T/E/Human_Rights/Equality/PDF_EG-S-GS\(2004\)_E.pdf](http://www.coe.int/T/E/Human_Rights/Equality/PDF_EG-S-GS(2004)_E.pdf)
- *Sex-Disaggregated Statistics on the Participation of Women and Men in Political and Public Decision making in Council of Europe member states*, stýrinefnd um jafnrétti karla og kvenna (CDEG): Doc. CDEG (2006) 15, Evrópuráðið, 2006: [www.coe.int/t/e/human_rights/equality/1PDF_CDEG\(2006\)15_E.pdf](http://www.coe.int/t/e/human_rights/equality/1PDF_CDEG(2006)15_E.pdf)
- Thun, Eva, *Gender Stereotypes in the School*, Hírnök Feminist webportal, Ungverjaland 2002.

.....
Gagnleg vefsvæði

- „Evrópa fyrir og með börnum“:
www.coe.int/t/transversalprojects/children/violence/sexualAbuse_en.asp
- Equality Between Women and Men: www.coe.int/T/e/human_rights/equality
- Sexual Abuse of Children ... hurt for life: Evrópuráðið:
www.coe.int/t/transversalprojects/children/violence/sexualAbuse_en.asp
- Um herferðina „Stöðvum heimilisofbeldi gagnvart konum“:
www.coe.int/t/dc/campaign/stopviolence/default_en.asp
- Um ofbeldi gegn konum: <http://web.amnesty.org/actforwomen/index-eng>
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum:
www.un.org/womenwatch/daw/cedaw
- Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur (UNIFEM): www.unifem.org
- Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna: www.un.org/millenniumgoals
- Young Women from Minorities: www.scas.acad.bg/WFM/default.htm
- What Do We Mean by “Sex” and “Gender”? Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin:
www.who.int/gender/whatisgender/en

.....
Tilvísanir

- 1 Sjá „What do we mean by ‘sex’ and ‘gender?’“ www.who.int/gender/whatisgender/en
- 2 Lejon, Britta quoted in Åkerlund, Pia, *Girls' Power: A compilation from the conference on gender equality*: Swedish National Board for Youth Affairs, Stokkhólmi, 2000.
- 3 *Sex-disaggregated statistics on the participation of women and men in political and public decision making in Council of Europe member states*, stýrinefnd um jafnrétti karla og kvenna (CDEG) Doc. (2006) 15: Evrópuráðið, 2006.
- 4 Thun, Eva, *Gender Stereotypes in the School*, Hírnök Feminist webportal, Ungverjaland, 2002.
- 5 *Promoting Gender Mainstreaming in Schools*, Final Report of Group of Specialists EG-S-GS (2004) RAP FIN, Evrópuráðið, 2004.
- 6 *The Council of Europe Campaign to Combat Violence against Women, including Domestic Violence*, Fact sheet: Evrópuráðið, 2006.
- 7 www.un.org/womenwatch/daw/cedaw
- 8 *Making Rights a Reality: Gender awareness workshops*, Amnesty International, 2004, bls. 61.
- 9 Sjá Equality Between Women and Men: www.coe.int/T/e/human_rights/equality
- 10 Sjá „Stöðvum heimilisofbeldi gagnvart konum“: www.coe.int/t/dc/campaign/stopviolence/default_en.asp
- 13 Sjá Sexual Abuse for Children ... hurt for life: www.coe.int/t/transversalprojects/children/violence/sexualAbuse_en.asp
- 12 Sjá samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum: www.un.org/womenwatch/daw/cedaw
- 13 Sjá þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna: www.un.org/millenniumgoals

